



SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI  
AKUREYRI HOSPITAL

# ÁRSRIT 2020

[www.sak.is](http://www.sak.is)



Fylgt úr hlaði: Óvenjulegt ár í sögu sjúkrahússins.....	4
Þættir úr starfseminni.....	6
Hlutverk og framtíðarsýn.....	18
Tölulegar upplýsingar.....	20
Skipurit.....	26
Stjórnendur.....	28
Ársreikningur 2020.....	30

# Sjúkrahúsið á Akureyri

## Ársrit 2020

Útgefandi: Sjúkrahúsið á Akureyri, maí 2021  
Ábyrgðarmaður: Bjarni Jónasson, forstjóri  
Umsjón og textagerð: Sjúkrahúsið á Akureyri & FREMRI Almannatengls  
Umbrot: Eva Björg Óskarsdóttir - Ingveldur Tryggva Petreudóttir  
Prófarkalestur: FREMRI Almannatengls  
Ljósmyndir: Sjúkrahúsið á Akureyri



## Óvenjulegt ár í sögu sjúkrahússins

Árið 2020 var eflaust óvenjulegasta árið í sögu Sjúkrahússins á Akureyri og forvera þess frá upphafi. Meginástæðan er Covid-19 faraldurinn sem skall á hér í mars. Undirbúningur komu hans hófst undir lok janúar í samráði og samvinnu við heilbrigðisyfirvöld, almannavarnir, ráðuneyti, aðrar heilbrigðisstofnanir og starfsmenn. Það kom fljótt í ljós að þær viðbragðsáætlanir sem við áttum voru ekki miðaðar við að taka á langvarandi faraldri, hvað þá svo víðtækum sem raun ber vitni. Við ákváðum því að setja á stofn sérstaka viðbragðsstjórn til að takast á við faraldurinn og þær miklu áskoranir sem við stóðum frammi fyrir. Verkefnið sem leysa þurfti var þríþætt, þ.e. að veita nauðsynlega sjúkrahúspjónustu, að taka á móti þeim Covid-19 sjúklingum sem þyrftu á sjúkrahúsvist að halda og að sjá til þess að mönnun og aðföng væru nægjanleg til að sinna þessum verkefnum. Þetta kallaði m.a. á öflugar sýkingavarnir fyrir sjúklinga og starfsfólk.

Til að sinna Covid-19 smituðum var sett upp sérstök legudeild og einnig var opnuð sérstök göngudeild sem vann í nánú samstarfi við Covid-19 göngudeild Landspítala. Vel gekk að sinna þeim sjúklingum sem þurftu á sjúkrahúspjónustu að halda. Í desember 2020 urðu þáttaskil í baráttunni við veiruna norðan heiða þegar SAK hóf að greina Covid-19 sýni. Undirbúningurinn var langur og strangur en setja þurfti upp sýkla- og veirufræðideild með nauðsynlegum búnaði, rétttri þjálfun starfsmanna og formlegu leyfi til að greina tilkynningaskylda sjúkdóma.

Áhrifin á aðra starfsemi voru mikil þegar toppar komu í faraldurinn, m.a. þar sem valaðgerðum á skurðstofum var tvívegis frestað tímabundið og starfsemi dag- og göngudeilda raskaðist. Áhrif til til lengingar á biðlistum og biðtíma voru óhjákvæmileg en almennt gekk þó vel að veita nauðsynlega bráðapjónustu. Von mín er sú að unnt verði að halda úti eðlilegri starfsemi þegar líður á árið 2021. Virkar sóttvarnir og bólusetning gefa tilefni til bjartsýni í þeim efnum.

En „fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott“, var eitt sinn skrifað. Það eru orð að sönnu því baráttan við Covid-veiruna skilaði okkur fram á fjölmörgum sviðum. Þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í á undanförunum árum varðandi öryggis- og gæðamál vegna gæðavottana sjúkrahússins skiluðu sér í því að sjúkrahúsið var betur í stakk búið en ella til að takast á við þessa miklu áskorun.

Þegar mikið liggur við og reynir á, endurspeglast þau gildi sem liggja til grundavallar starfi okkar hér. Baráttan við Covid-19 endurspeglar gildin okkar ÖRYGGI, SAMVINNA, FRAMSÆKNI vel. Eins og áður var lyklatríði að tryggja öryggi sjúklinga og starfsmanna með skýrum leiðbeiningum, viðeigandi hlífðarbúnaði, sóttvörnum, umhyggju og virðingu. Með samvinnu og samstilltu átaki settum við upp sérstaka legudeild, göngudeild og þverfaglegt viðbragðsteymi og lítum á þær áskoranir sem upp koma sem tækifæri til að sækja fram með nýjar leiðir til að veita þjónustu.

Í faraldurinum jókst samvinna og samráð innan heilbrigðiskerfisins til muna, öllum til hagsbóta. Sú samvinna mun halda áfram. Við sáum einnig stórstígar framfarir í notkun upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustunnar m.a. til að leysa verkefni í sýnatökum og PCR-greiningum. Þá var einnig mikil framþróun nýtingu rafrænna lausna innan SAK. Lærdómurinn sem við drögum af því sem gerðist á liðnu ári á eftir að verða okkur veganesti til nýrrar nálgunar í að veita þjónustu og skipuleggja verkefni og starfsemi á nánast öllum sviðum. Við höldum ótrauð áfram að nýta tæknina og styrkja innviði með gæðastarfi og efla samstarf og samvinnu. Á dögum tók sjúkrahúsið ásamt fleirum þátt í stofnun heilbrigðis- og velferðaklasa. Verkefni klasans er að leiða saman hagaðila í opinbera geiranum, einkafyrirtækjum og vísindasamfélaginu til þess að nýta og þróa lausnir til nýsköpunar í að veita heilbrigðis- og velferðarþjónustu á komandi árum. Jafnframt þessu eru unnið ötullega að eflingu vísindastarfs. Af þessu öllu sést að Sjúkrahúsið á Akureyri er í sóknarhug.

Samfélagið metur það sem vel er gert og það endurspeglast í mikilli velvild og hlýhug til starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri. Hollvinir sjúkrahússins og aðrir velunnarar komu færandi hendi á árinu, líkt og jafnan áður, með alls kyns búnað sem gerir okkur enn betur kleift að sinna þeim sem þurfa á þjónustu sjúkrahússins að halda. Það er ekki síður ánægjulegt að sjá niðurstöður úr könnun Gallup þar sem íbúar á Norður- og Austurlandi eru spurðir um traust til Sjúkrahússins á Akureyri og viðhorf til þjónustu þess. Skemmst er frá því að segja að 90% íbúanna bera mikið traust til Sjúkrahússins á Akureyri og 95% þeirra sem höfðu nýtt sér þjónustuna sl. 12 mánuði voru ánægðir með hana. Þetta er ívið betri niðurstaða en fyrir ári þegar sama könnun var lögð fyrir. Þegar horft er til trausts stofnana sem Gallup mælir í þjóðarpól sínum skorar Sjúkrahúsið á Akureyri hæst. Þetta er frábær vitnisburður um það góða starf sem hér er unnið.

Ég vil þakka samfélaginu hlýhuginn, samstöðuna og stuðninginn sem birtist okkur í ótal myndum. Ég vil þakka þeim sjúklingum biðlundina sem hafa þurft að bíða eftir að fá þjónustu. Ég vil þakka skilning þeirra aðstandenda sem ekki hafa getað heimsótt eða fylgt ástvinum sínum á sjúkrahúsið. Síðast en ekki síst vil ég þakka stjórnendum og starfsmönnum sjúkrahússins sem hafa lagt sig alla fram í að breyta starfsemi þannig að hægt væri að taka á móti og sinna Covid-19 smituðum einstaklingum ásamt því að halda úti annarri nauðsynlegri þjónustu. Samstillt átak skilar okkur í mark og gerir okkur kleift að sækja fram af fullum krafti.

**Bjarni Jónasson, forstjóri**





Frá 1. nóvember 1927 hefur verið rekin heilsutengd starfsemi í Kristnesi. Í upphafi var þar rekið berklahæli en í kringum 1960 hafði dregið verulega úr berklaveikinni þannig að berklasjúklingum fækkaði en hjúkrunarsjúklingum fjölgaði. Síðasti berklasjúklingurinn útskrifaðist í september 1976 og í framhaldi af því ákvað þáverandi heilbrigðisráðherra að gera Kristneshæli að hjúkrunar- og endurhæfingarspítala. Það ferli tók um 15 ár.

Árið 1993 var rekstur Kristnesspítala sameinaður Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri (FSA) sem nú er Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK). Tveimur árum síðar hófst starfsemi öldrunarlækningadeildar og árið 1996 var tekin í notkun mjög fullkomin aðstaða til iðjubjálfunar.

**Starfsemi á Kristnesspítala hefur þróast í áranna rás og í dag fer þar fram þverfagleg meðferð á sviði endurhæfingar- og öldrunarlækninga. Legurými eru ýmist á 5 eða 7 daga deild en þjónusta er einnig veitt á dag- og göngudeild. Unnið er að settum meðferðarmarkmiðum með heilsfarsmati, fræðslu og þjálfun í samvinnu við sjúklinga og fjölskyldur þeirra.**

### Þjálfunarlaugin í Kristnesi markaði þáttaskil

Árið 2000 var formlega tekin í notkun þjálfunarlaug í Kristnesi en laugin var reist fyrir tilstuðlan Lionshreyfingarinnar. Þetta var mikil framkvæmd á sínum tíma og fjársöfnun til að standa straum af kostnaðinum stóð yfir í um 6 ár. Þjálfunarlaugin markaði þáttaskil í sögu Kristnesspítala sem og endurhæfingar á starfssvæði sjúkrahússins. Í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá vígslu laugarinnar verður saga hennar rifjuð upp í stuttu máli.

### Eitt brýnasta verkefnið

Nýbygging þjálfunarlaugar í Kristnesi var eitt af brýnustu framkvæmdaverkefnum FSA, forvera SAK, eftir að sjúkrahúsið tók við rekstri Kristnesspítala árið 1993. Sundlaugarrýmið var þá þegar til staðar í viðbyggingu við elsta hluta Kristnesspítala en hönnun og undirbúningur skammt á veg komin. Stóra málið var svo algerlega óleyst, þ.e. hvernig ætti að fjármagna þessa miklu framkvæmd, því fyrir lá að ekki fengist fjármagn til framkvæmdanna úr ríkissjóði á allra næstu árum.

### Lionsmenn lyftu grettistaki

Garðar Jakobsson á Laugum í Reykjadal var sjúklingur á Kristnesspítala árið 1992. Hann var jafnframt Lionsmaður og hreyfði þeirri hugmynd að Lionsmenn hæfu fjársöfnun til að bygging þjálfunarlaugarinnar gæti orðið að veruleika. Hugmynd Garðars fékk góðan hljómgrunn hjá félögum hans og sumarið 1994 hófst fjársöfnun sem stóð yfir óslitið næstu 6 árin, sem fyrr segir.

Kostnaðurinn við byggingarframkvæmdirnar og kaup á öllum búnaði nam 56 milljónum króna þegar laugin var tekin í notkun árið 2000. Það jafngildir um 86 milljónum króna í dag miðað við hækkun byggingarvísitölu. Í fjársöfnuninni kom vel í ljós hversu mikils velvilja þetta verkefni naut meðal almennings, sveitarfélaga, félagasamtaka og fyrirtækja á Norðurlandi. Á engan er þó hallað þegar Lionshreyfingin er nefnd sérstaklega, ekki síst Lionsklúbbur í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, því hreyfingin safnaði alls um 22,5 milljónum króna af þeim 56 milljónum sem til þurfti. Hluttur Akureyrarbæjar var einnig stór því hann lagði 15 milljónir króna til framkvæmdanna. Afgangurinn kom frá fyrirtækjum, stéttarfélögum, sveitarfélögum og einstaklingum á starfssvæði sjúkrahússins auk þess heilbrigðisráðuneytið lagði 2 milljónir króna í „púkkið“.

### Hefur sannað gildi sitt frá fyrsta degi

Þjálfunarlaugin í Kristnesi er 6,3 x 10,5 metrar að stærð. Minnsta dýpi er einn metri en mesta dýpi tveir metrar. Aðgengi er fyrir einstaklinga í hjólastólum og hægt er að færa hreyfihamlað fólk með lyftubúnaði í lagina. Auk sundlaugarsalarins sjálfs var einnig byggður áfastur skáli með nuddpotti, tengingangur, búningsklefar, aðstaða fyrir hreinsibúnað og loftræstikerfi. Gólfötur sundlaugarsalar og hliðarsala er alls um 280 fermetrar.

Sundlaugin var formlega tekin í notkun við hátíðlega athöfn laugardaginn 9. desember árið 2000. Það var vel við hæfi að fyrrnefndur Garðar Jakobsson, tók fyrsta sundsprettinn í nýju lauginni. Tilkoma laugarinnar gerbreytti aðstöðu til endurhæfingar norðan heiða og hefur sannað gildi sitt frá fyrsta degi.

Í dag er sundlaugin afar vel nýtt fyrir innlagða skjólstæðinga á Kristnesspítala. Sumir fá einstaklingsþjálfun með sínum sjúkrapjálfa, aðrir mæta í skipulagða vatnsleikfimitíma með hóp og enn aðrir þjálfast sig upp í eigin æfingum sem þeir geta svo haldið áfram að stunda í sundlaugum í sinni heimabyggð eftir útskrift. Þjálfun í vatni hentar fólki á öllum aldri þar sem vatnið gerir okkur auðvelt með að stjórna eigin þjálfunarlági. Í vatnsþjálfun er hægt að vinna með jafnvægi, vöðvastyrk, liðleika, úthald, samhæfingu og margt fleira.



Það var við hæfi að frumkvöðull að fjársöfnuninni, Garðar Jakobsson, tæki fyrsta sprettinn í nýju þjálfunarlauginni við vígslu hennar í desember 2000. Með honum í lauginni er Sonja Middellink sem þá starfaði sem sjúkraliði í Kristnesi. Mynd: Guðmundur Brynjarsson



### **Fyrsta svæfingin á Íslandi í Gudmanns Minde á Akureyri 1856**

Svæfingalækningar tengjast Akureyri órofa böndum því fyrsti læknirinn hér á landi sem nýtti sér svæfingu við læknisfræðilega aðgerð var Jón Finsen (1826-1885), þá héraðslæknir í austurhéraði norðuramtsins (sem náði yfir Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur) með búsetu á Akureyri. Hann bjó í húsinu Aðalstræti 14 sem seinna var nefnt Gudmanns Minde og varð fyrsta sjúkrahúsið á Akureyri – og þar með forveri SAK – en sjúkrahús var starfsrækt í þessu merka húsi 1873-1899.

Líklegasthefur Jón Finsen kynnst svæfingum í Kaupmannahöfn og haft með sér klóróform til Íslands. Í fyrstu ársskýrslu sinni, sem skrifuð var á dönsku, segir Jón Finsen sérstaklega frá fimm skurðaðgerðum sem hann gerði árið 1856, en við fjórar þeirra hafi hann notað klóróformsvæfingu. Talið er víst að sú fyrsta þessara svæfinga hafi jafnframt verið fyrsta svæfingin á Íslandi. Jón var sannfærður um það hafi verið sullur sem hann fjarlægði úr sjúklingnum, þótt hann hafi ekki getað sannað það, en sullaveiki var útbreiddur og bráðdrepani sjúkdómur hér á landi á þessum tíma.

**Heimild: „Svæfingar á Íslandi í 150 ár (1856-2006)“**

**Árið 2020 voru 40 ár liðin frá því að svæfingalækningar urðu sérgrein við Sjúkrahúsið á Akureyri. Sá merki áfangi náðist síðla árs 1980 en þá hét sjúkrahúsið raunar Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, jafnan nefnt FSA. Hverfum rúm 40 ár aftur í tímann.**

#### **Svæfingar voru ný sérgrein**

Svæfingar höfðu að sjálfsögðu verið stundaðar við Sjúkrahúsið á Akureyri í marga áratugi þegar kom fram á áttunda áratug síðustu aldar en þar var ekki starfrækt sérstök svæfingadeild. Fyrsta svæfingadeildin á

Íslandi var stofnuð á Landspítalanum árið 1958 og tíu árum síðar á Borgarspítalanum í Reykjavík. FSA (nú SAK) varð þriðja í röðinni haustið 1980. Ástæðan fyrir þessu er einföld: svæfingalækningar voru tiltölulega ný sérgrein í heiminum. Það var ekki fyrr en árið 1951 sem fyrsti Íslendingurinn, Elías Eyvindsson, fékk sérfræðiviðurkenningu í svæfingalækningum og fyrst íslenskra svæfingahjúkrunarfræðinga var Friðrikka Sigurðardóttir sem fékk sérfræðiréttindi sín árið 1962. Félag svæfingalækna var stofnað árið 1960 og voru stofnfélagar fimm. Árið 1970 var svo Svæfingahjúkrunarfélag Íslands, deild innan HFÍ, stofnað af 10 hjúkrunarfræðingum, sem lokið höfðu sérfræðinámi í svæfingum. Þetta segir sína sögu um hversu nýtilkomnar og fámennar þessar stéttir voru upp úr miðri síðustu öld.

#### **Ungur Indverji ræður sig á SAK**

Í desember 1976, rétt fyrir jólin, kom ungur, nýtskrifaður læknir til Akureyrar, Girish Hirlekar. Hann hafði nýlokið læknisnámi og sérnámi í Indlandi, ætlaði til starfa í Bandaríkjunum en ákvað að hafa stutt stopp á Íslandi, á FSA á Akureyri nánar tiltekið, en það teygðist svo mjög á þessu „stutta stoppi“ að á Akureyri býr hann enn!

„FSA vantaði svæfingalækni því þar hafði enginn slíkur starfað í heil tvö ár. Ég sótti um stöðuna og fékk hana. Og ég fékk svo sannarlega nóg að gera frá fyrsta degi,“ segir hann.

Girish þurfti að yfirstíga ýmsar hindranir því flest var honum framandi; tungumálið, maturinn og veðrið. „Það töluðu fáir ensku á þessum árum þannig að ég varð bara að vera fljótur að læra íslenskuna. Maturinn vandist og veðrið að sjálfsögðu líka; ég lærði smám saman að meta hvort veggja.“

Hann segir hins vegar að tækjabúnaðurinn og vinnubrögðin hafi verið svipuð og á Indlandi, sem og svæfingalyfin. Þetta var allt saman mjög frumstætt, í samanburði við það sem það er í dag, ekki bara hér á Akureyri heldur víðast hvar í heiminum. Það voru svo fáir sérfræðingar til í heiminum á þessu sviði og fræðigreinin ný og enn í mótun.“ Hann segir að starfsfólk FSA hafi verið eins og ein stór fjölskylda, sem hafi tekið honum opnum örmum. „Læknarnir og annað starfsfólk sýndu mér mikið traust og ég fann mig því fljótt vel. Seinna kynntist ég eiginkonu minni, Önnu Gunnarsdóttir, við stofnuðum fjölskyldu og eftir það byrjaði ég að festa enn traustari rætur hér,“ segir Girish.

#### **Griðarlegt vinnuálag**

Hann segir vinnuálagið hafa verið mikið strax frá upphafi og hann hafi sífellt verið á bakvakt. Þessu hafi fylgt mikið álag á fjölskylduna og heimilið. „Ég náði í mesta lagi að taka stutt sumarfrí á þessum árum en annars var ég meira og minna í vinnunni og missti að mestu af uppeldi barnanna minna,“ segir hann.

Sumarið 1980 leysti Sigurður Kristófer Pétursson, sérfræðingur í svæfingalækningum, Girish af í sumarleyfi. Í framhaldinu ákvað Sigurður Kristófer að flytja norður og þá var ákveðið að gera svæfingalækningar að sérgrein við sjúkrahúsið, frá og með áramótum 1980-1981. Sigurður Kristófer varð fyrsti yfirlæknir hennar, frá 1981 til 1994. Þegar hann lét af störfum var Girish ráðinn yfirlæknir svæfingadeildar í hans stað. Hann gegndi starfi yfirlæknis í 25 ár en lét af störfum vegna aldurs árið 2019. Hann kenndi einnig svæfingahjúkrunarfræðingum í diplómanámi frá árinu 2004.

#### **Aukin sérhæfing og breyttar aðferðir**

Girish segir að smám saman hafi starfsfólki fjölgað á svæfingadeildinni, bæði sjúkraliðum og sérmenntuðum svæfingahjúkrunarfræðingum undir lok síðustu aldar, þegar „íslenska framleiðslan hófst,“ eins og hann orðar það. Því til skýringar segir hann að fyrir þann tíma hafi flestir hjúkrunarfræðingar þurft að sækja sérmenntun í svæfingahjúkrun til Danmerkur eða Svíþjóðar og það hafi verið mikill áfangasigur þegar kennsla á þessu sviði var hafin hér heima.

En það var ekki bara sérhæfingin sem jókst bæði hjá læknum og hjúkrunarfræðingum, að sögn Girish. Öll tækni og búnaður tóku jafnframt stórstíggum framförum og nefnir hann tilkomu öndunarvéla sem dæmi um það. „Betri mönnun, betri kennsla og þjálfun, betri svæfingarlyf og breyttar aðferðir á skurðstofunni með



aukinni tækni. Allt hjálpaðist þetta að við að gerbreyta starfsumhverfinu til hins betra og þar með að auka árangurinn og bæta líðan sjúklinganna.“ Girish nefnir gallblöðrunám sem dæmi um þetta. Áður hafi þurft að skera sjúklinginn upp en nú sé gallblaðran tekin með sáralitlu inngrípi. „Legutími sjúklinga stýttist líka jafnt og þétt og svo kom teymisvinnan til sögunnar. Með aukinni sérhæfingu vann sama fólkið oftast saman – og vann saman eins og vel smurð vél.“

### Stórar og vaxandi sérgreinar

Girish segir að svæfingadeildin hafi jafnt og þétt látið til sín taka á öðrum deildum sjúkrahússins. „Vinnan einskorðast ekki lengur við skurðstofurnar. Við látum til okkar taka á við fæðingadeyfir, sinnum „krónískum“ verkjum langt leiddra sjúklinga, störfum á bráðamóttökunni og í sjúkraftutningum á landi og í lofti. Svæfingalækningar og svæfingahjúkrun eru einfaldlega orðnar mjög stórar og vaxandi sérgreinar og það er mikið fagnaðarefni,“ segir hann.

### Meira en 100 þúsund sjúklingar á 44 árum!

Sem fyrr segir lét Girish af störfum á Sjúkrahúsinu á Akureyri árið 2019 eftir samfelldan 44 ára feril, þar af í 25 ár sem forstöðulæknir svæfingadeildarinnar.

„Svæfinga- og gjörgæsludeildin hefur meðhöndlað tvö til þrjú þúsund sjúklinga á ári hverju þessi 44 ár og talan fór því örugglega eitthvað yfir 100.000 sjúklinga markið áður en ég hætti. Ég er býsna stoltur af því en jafnframt þakklátur fyrir allt það traust sem samstarfsfólk mitt og skjólstaðingar hafa sýnt mér í gegnum tíðina. Þar að auki hef ég kynnst stórum hópi af frábæru fólki sem mér þykir mjög vænt um,“ segir Girish Hirlekar að lokum.

### Svæfingadeild SAK árið 2020

Undir starfsemi svæfingadeildar Sjúkrahússins á Akureyri árið 2020 falla svæfinga- og gjörgæslulækningar, svæfingahjúkrun og svæfinga- og gjörgæslulækningar tengdar sjúkraflugi (fluglæknar). Gjörgæsludeildin er hluti af svæfingadeildinni og stjórnað af svæfingalæknum. Setnar stöður í svæfinga- og gjörgæslulækningum voru 4,8 á árinu, 1,8 stöður fluglækna og 6,05 stöður svæfingahjúkrunarfræðinga, að forstöðuhjúkrunarfræðingi meðtöldum. Forstöðulæknir svæfinga- og gjörgæslulækninga er Oddur Ólafsson og forstöðuhjúkrunarfræðingur svæfingadeildar er Sólveig Björk Skjaldardóttir.

Á svæfingadeild starfa svæfingahjúkrunarfræðingar og svæfingalæknar, sem í sameiningu sjá um líðan aðgerðasjúklinga. Markmiðið er að veita bestu þjónustu sem kostur er á og tryggja velferð og öryggi sjúklinga í aðgerðaferlinu. Auk hefðbundinna starfa á skurðstofum og gjörgæsludeild sinnir svæfingadeildin bráðamóttöku, myndgreiningardeild, geðdeild og fæðingadeild. Einnig kemur svæfingadeildin að sérhæfðari verkefnum eins og ísetningu æðaleggja, endurlífgun og verkjapjónustu á öðrum deildum.

Starfsfólk deildarinnar tekur einnig virkan þátt í kennslu læknanema, hjúkrunarnema, þjálfun sjúkraflutningamanna og kennslu í endurlífgun fyrir lækna og hjúkrunarfræðinga á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

### Aukið álag vegna Covid

Þess má að lokum geta að í fyrstu bylgju Covid-19 var sett upp tvöföld vakt svæfinga- og gjörgæslulækna; annars vegar til að sinna Covid-gjörgæslu og hins vegar til að sinna hefðbundinni starfsemi. Hlaust af þessu töluvert aukið álag. Hins vegar fækkaði skurðaðgerðum á árinu 2020 sökum Covid-19, þær voru 2.835 samanborið við 3.518 árið áður.



Girish B. Hirlekar. Myndin er sennilega frá árinu 1978 en þá var hann búinn að starfa í um tvö ár á FSA. Árin urðu að lokum 44 talsins.



Girish og Veigar Ólafsson, sérfræðingur í svæfingalækningum, ræða málin í lok níunda áratugarins. Veigar starfaði á sjúkrahúsinu 1985-1999.



Á svæfingadeild FSA í mars 2006. Efri röð f.v.: Sólveig Skjaldardóttir, svæfingahjúkrunarfræðingur; Helga Magnúsdóttir, svæfingalæknir; Ólöf Víkorsdóttir, deildarlæknir; Theódór Sigurðsson, deildarlæknir og Halldóra B. Skúladóttir, svæfingahjúkrunarfræðingur. Neðri röð f.v.: Barbara Geirsdóttir, svæfingahjúkrunarfræðingur; Theódóra Gunnarsdóttir, svæfingahjúkrunarfræðingur; Þórunn Birnir, svæfingahjúkrunarfræðingur; Girish B. Hirlekar, svæfingalæknir, Sigurður E. Sigurðsson, svæfingalæknir, Hildur Gunnarsdóttir, svæfingahjúkrunarfræðingur og Hallveig Friðþjófsdóttir, svæfingahjúkrunarfræðingur.



Hjúkrunarfræðingar á svæfingadeild FSA í kringum 1990. Efri röð t.f.v.: Magna Birnir, Ragna Dóra Ragnarsdóttir, Sigrún Sigurgeirsdóttir og Þórunn Birnir. Neðri röð t.f.v.: Bryndís Reynisdóttir og Guðfinna Nývarðsdóttir.



svæfingadeildinni gefinn sjálfvirkur blóðþrýstingsmælir í minningu látins ástvinar. Talið frá vinstri: Sigurður Kristófer Pétursson, yfirlæknir deildarinnar; Halldór Halldórsson, lyflæknir; Anna Oddsdóttir, fulltrúi gefenda; Gunnar Hjartarson og Sigurður Oddsson, fulltrúar gefenda; Veigar Ólafsson, svæfingalæknir; Þórunn Birnir, deildarstjóri svæfingadeildar; Hildur Gunnarsdóttir, aðstoðardeildarstjóri svæfingadeildar, Ingi Björnsson, forstjóri FSA, Ólafur Sigurðsson, yfirlæknir lyflækningadeildar og Kristján Grant, stjórnarmaður í FSA. Myndin er tekin um 1990.



Sjúkraflutningaskólinn hefur verið rekinn sem eining innan Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) frá 26. nóvember 2002 og ber framkvæmdastjórn SAK ábyrgð á daglegum rekstri skólans. Ennfremur er starfandi fagráð Sjúkraflutningaskólans en í því sitja fulltrúar frá SAK, heilbrigðisráðuneyti, Háskólanum á Akureyri og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Hlutverk Sjúkraflutningaskólans er að veita menntun á sviði sjúkraflutninga og bráðþjónustu utan sjúkrahúsa á landinu öllu og hafa umsjón með framhalds- og símenntun fyrir sjúkraflutningamenn og aðra þá sem starfa við aðhlyningu sjúkra og slasaðra utan sjúkrahúsa.

Við skólann starfar skólastjóri í fullu starfi auk starfsmanns í hlutastarfi. Auk þeirra koma að námskeiðum leiðbeinendur og umsjónarmenn námskeiða sem verktakar sem eru m.a. sjúkraflutningamenn, bráðatæknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og læknar.

**Skólastjóri Sjúkraflutningaskólans er Ingimar Eydal.**

### Aukið við nám í Sjúkraflutningaskólanum

#### -Byggð á vandaðri vinnu starfshóps

**Í skýrslum frá 2008 og 2012 um skipulag sjúkraflutninga á Íslandi var lagt til að stórefla þyrfti menntun sjúkraflutningamanna á landinu. Ingimar Eydal, skólastjóri Sjúkraflutningaskólans, lýsir því ferli sem hófst í kjölfarið og hefur þegar skilað sér í gerbreyttri stefnu og áherslum.**

#### Forsagan

Í kjölfar umræðu sumarið 2007 um skipulag sjúkraflutninga, menntunarmál og mönnun sjúkraflutninga á landsbyggðinni ákvað heilbrigðisráðherra að skipa nefnd til að fjalla um þessi mál. Nefndinni var falið að taka saman og koma með tillögur um skipulag sjúkraflutninga og falið að skoða sérstaklega þá þætti

sem snúa að mönnun og rekstri sjúkraflutninga á landinu öllu. Henni var einnig falið að skila álitssgerð og tillögum um menntun og þjálfun sjúkraflutningamanna. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu í janúar 2008.

Tæpum fjórum árum síðar, í desember 2011, skipaði velferðarráðuneytið verkefnishóp til að fjalla um endurskipulagningu sjúkraflutninga á Íslandi. Hópnum var ætlað að koma með tillögur að framtíðarskipulagi sjúkraflutninga á Íslandi með hliðsjón af skýrslu ráðgjafahóps velferðarráðherra um „skipulag heilbrigðisþjónustu og ráðstöfun fjármuna“, sem lögð var fram í júní 2012. Sú skýrsla byggði að miklu leyti á greinargerð alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækisins Boston Consulting Group (BCG) um íslenska heilbrigðiskerfið, sem unnin var að tilhlutan velferðarráðuneytisins og skilað fyrir í sama mánuði. Þess má geta að Hildigunnur Svavarsdóttir, þá framkvæmdastjóri bráða-, fræðslu- og gæðasviðs FSA (nú SAK) og fyrrum skólastjóri Sjúkraflutningaskólans, var ein af sjö í verkefnishópnum sem og í nefndinni sem skipuð var 2007.

Afframangreindu er ljóst að mjög mikil vinna var lögð í að gera tillögur að endurskipulagningu sjúkraflutninga á Íslandi og öllu sem að þeim lýtur.

#### Gagngerar tillögur

Í meginatriðum var verkefnishópurinn sammála niðurstöðum fyrri nefndar um sjúkraflutninga og gerði ráð fyrir að tillögur hans væru í fullu gildi. Verkefnishópurinn lagði sérstaka áherslu á að umbætur í menntun sjúkraflutningamanna næðu fram að ganga á næstu árum – og taldi það raunar grundvöll fyrir allri frekari þróun innan málaflokksins.

Tillögur verkefnishópsins snéru að fjórum þáttum. Í fyrsta lagi að menntun og þjálfun, í öðru lagi að rekstri og skipulagi þjónustu, í þriðja lagi að rekstri farartækja og í fjórða lagi að faglegri ábyrgð og gæðamálum. Í hverjum þætti voru settar fram ítarlegar tillögur til úrbóta.

#### Vinnu við endurskoðun námsins lauk 2015

Ingimar Eydal, skólastjóri Sjúkraflutningaskólans, segir að vinna við að endurskoða námið hafi byrjað strax árið 2012 og staðið í þrjú ár. „Við lukum henni árið 2015 og höfum kennt eftir nýju efni og með nýjar áherslur frá árinu 2016.“

Hann segir það hafa komið sér og öðrum, sem unnu að endurskoðun námsins, á óvart hversu ólíkar áherslur voru í náminu innan Norðurlandanna og raunar um alla Evrópu. „Danir eru með svipað kerfi og við vorum með, í Svíþjóð verða sjúkraflutningamenn að vera hjúkrunarfræðingar í Finnlandi er nám sjúkraflutningamanna á háskólastigi og í Noregi er enn annað kerfi. Í Frakklandi er hluti sjúkraflutninga partur af herþjónustu – og þannig mætti áfram telja. Svona var og er staðan á þessu sviði, þrátt fyrir samræmda Evrópuáttina í svo mörgu öðru.“

Ingimar segir að fljótlega hafi menn staðnæmst við það fyrirkomulag sem er á námi sjúkraflutningamanna í Bandaríkjunum enda höfum við notað það kerfi allt frá árinu 1999. „Þar var samræmið mest og við sáum fljótt að kerfið sem Bandaríkjamenn hafa byggt upp hentar okkur mjög vel, enda höfðu þeir þá einnig endurskoðað sitt kerfi og passaði það best miðað við okkar áherslur.“ Þegar sú ákvörðun hafði verið tekin að styðjast áfram við bandaríska kerfið hófst vinna við að þýða og staðfæra nýtt námsefni. Þeirri vinnu lauk að mestu árið 2015 og nýja efnið hefur verið kennt frá árinu 2016, sem fyrr segir.

„Það er enn þá heilmikil vinna á hverju ári að þýða og staðfæra nýtt námsefni en þessi breyting – eða kúvending öllu heldur – hefur skilað umtalsverðum árangri hvað varðar menntun og þjálfun sjúkraflutningamanna á Íslandi og bætt heilmiklu við það,“ segir Ingimar.

#### Fyrirkomulag menntunar sjúkraflutningamanna

Nám sjúkraflutningamanna á Íslandi eftir breytinguna er annars vegar grunnnám (EMT) sem er 260 tíma nám



og framhaldsnám (EMT-Advanced) sem er um 400 tíma nám. Nemendur fá starfsleyfi að loknu grunnnámi og geta þá hafið störf sem sjúkraflutningamenn. Bæði grunnhluti og framhaldshluti námsins byggjast á viðmiðum úr kennsluskra sjúkraflutningamanna í Bandaríkjunum, byggt á stöðlum frá National Highway Traffic Safety Administration (NHTSA). Auk náms í sjúkraflutningum sinnir skólinn námi í Vettvangshjálpi (First Responder) byggt á sama staðli og EMT-námið og má hér nefna samstarf Sjúkraflutningaskólans við Háskólann á Akureyri og Mennta- og starfspróunarsetur lögreglunnar varðandi menntun lögreglunema í vettvangshjálpi.

### Megináhersla á fjarnám

„Við höfum lagt megináherslu á fjarnám allt frá því að við höfum að kenna nýja námsefnið og sú áherslubreyting hefur gefist vel. Hún var svo auðvitað eins konar aukabónus þegar Covid-faraldurinn skall á. Eðli málsins samkvæmt verður þó hluti af náminu alltaf verklegur og hvað þann hluta varðar hefur Covid sett strik í reikninginn hjá okkur eins og flestum öðrum,“ segir Ingimar.

Hann segir að unnið sé markvisst að því að hringja öðrum tillögum verkefnishópsins í framkvæmd. „Sumar tillögurnar hafa í för með sér fjárlát og verða að hljóta samþykki hjá fjárlagavaldinu, til dæmis hvað varðar endurnýjun sjúkrabíla og fleira í þeim dóm. Við vinnum hins vegar markvisst að því að efla þá þætti sem að okkur snúa, meðal annars hvað varðar endur- og símenntun sjúkraflutningamanna og markvissa þjálfun þeirra,“ segir Ingimar.

Þess má að lokum geta að á árinu 2020 var skrifað undir samning við Menntadeild Landspítalans um móttöku nema Sjúkraflutningaskólans í starfsnámi. Það fer að mestu fram á bráðamóttöku, en einnig á hjartagátt, geðsviði, bráðamóttöku barna og öldrunardeildum. Sams konar samningur er í gildi við Sjúkrahúsið á Akureyri.

Á árinu var einnig tekið í notkun ný heimasíða Sjúkraflutningaskólans [www.ems.is](http://www.ems.is) með nýju skráningarkerfi.



Nokkrir nemendur í framhaldsnámi í Lotu 1 á Akureyri ásamt leiðbeinanda.



Frá útskrift Sjúkraflutningaskólans 1. júní 2019.- Mynd: Sveinbjörn Dúason.



Frá útskrift Sjúkraflutningaskólans 1. júní 2019.- Mynd: Sveinbjörn Dúason.



# Markvert á árinu

## Janúar

- Ný vísindastefna til þriggja ára samþykkt í framkvæmdastjórn
- Vottun á jafnlaunakerfi samkvæmt ÍST 85:2012
- Minningarsjóður Baldvins Rúnarssonar færir almennu göngudeildinni meðferðarstól

## Febrúar

- Notuð sjúkrarúm send til Sierra Leone fyrir milligöngu Auroru velferðarsjóðs

## Mars

- COVID-19 deild opnar
- Valfrjálsar aðgerðir falla niður vegna COVID-19 faraldurs
- Fyrirtækið Tengir færir sjúkrahúsinu Glidescope Go barkaþræðingartæki með myndavél
- Hollvinasamtök SAK færa sjúkrahúsinu sérútbúin gjörgæslusjúkrarúm og ferðaöndunarvél

## Apríl

- COVID-19 göngudeild opnar
- Velunnarar gefa 30 lífsmarkamæla

## Mái

- Borholuframkvæmdir vegna betrubóta rafkerfis hefjast

## Júní

- 10 ár liðin frá aukinni þjónustu blóð- og krabbameinslækna

## Júlí

- Nýtt og endurbætt húsnæði blóðskilunardeildar opnar
- Endurbætur á skurðstofuhúsnæði í fullum gangi
- Sumarleyfi í hámarki

## Ágúst

- Hollvinasamtök SAK færa blóðskilunardeild sjúkrarúm og spjaldtölvur
- Endurnýjun myndgreiningarbúnaðar við sjúkrahúsið

## September

- Vísindadagur sjúkrahússins og Heilbrigðisvísindastofnunar Háskólans á Akureyri
- Ársfundur Sjúkrahússins á Akureyri
- Mótefnaælingar gegn SARS-CoV-2 veirunni

## Október

- Úttekt DNV-GL á starfsemi og gæðakerfi sjúkrahússins.
- Úttekt á upplýsingatæknikerfum samkvæmt ISO/IEC 27001:2013
- Úttekt á jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2012
- Kvenfélagið lðunn afhendir fæðingadeild nýjar ungbarnasængur
- Næringardagur Sjúkrahússins á Akureyri

## Nóvember

- Starfsemi heimahlýnningar 1 árs
- Framkvæmdir á aðalinngangi sjúkrahússins hefjast
- Valkvæðar aðgerðir hefjast á ný eftir lokanir vegna COVID-19 faraldurs

## Desember

- Rannsóknadeild hefur skimanir fyrir SARS-CoV-2 veirunni
- Bólusetningar starfsmanna vegna COVID-19 hefjast





### Öryggi

- Við leggjum áherslu á öryggi sjúklinga og starfsmanna
- Við vinnum störf okkar af fagmenesku
- Við tryggjum heilsuvert starfsambverfi

### Samvinna

- Við vinnum saman í þéttu sjúklinga
- Við sýnum umhyggju og berum virðingu hvert fyrir öðru
- Við eigum góð samskipti

### Framsækni

- Við litum á áskoranir sem tækifæri
- Við stöðjum við menntun og vísindi
